

Priðji fundur skólanefndar þann 22. júní á skrifstofu skólameistara kl. 17:00

Mættir: Dagbjört Jónsdóttir, S. Narfi Rúnarsson, Pétur Bergmann Árnason, Guðrún María Valgeirsdóttir, Gerður Sigtryggisdóttir í forföllum Ölmú Drafnar Benediktsdóttur og Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari, Ragna Heiðbjört Ingunnardóttir fulltrúi kennara boðaði forföll.

Sigurður Narfi Rúnarsson ritaði fundinn.

1. Skólastarfið seinni hluta vorannar

Skólastarfið gekk í stórum dráttum vel. Í apríl fór Hnikarr íþróttakennari með nemendur í skíðaferð og til Akureyrar og í byrjun maí var mjög vel heppnuð uppskeruhátíð hjá nemendafélaginu með tilheyrandi kosningum og stjórnarskiptum. Að öðru leiti var skólastarfið í nokkuð hefðbundnum skorðum svona miðað við allt.

2. Uppgjör vorannar

Meðalraunmæting allra nemenda á vorönn var 85,7% (89,5% á haustönn) og óútskýrð fjarvera 9,9% (6,3% á haustönn), 3,1% fóru í veikindi og 1,3% í leyfi. Meðaleinkunn allra nemenda var 7,03 (7,32 á haustönn). Brottfall úr áföngum var með minna móti eða 4,6% (2,3% á haustönn) og að meðaltali voru 18,4 nemendur í áfanga (20,3 á haustönn). Einum nemanda var vikið úr skólanum vegna slakrar mætingar sem gerir 0,9% brottfall.

3. Útskrift

Þann 14. maí var 31 nemandi brautskráður frá skólanum. Að þessu sinni var hægt að halda hefðbundna útskrift með gestum, eldri afmælisárgöngum og kaffisamsæti. Vel var mætt á athöfnina en hana sóttu um 380 manns. Átta nemendur brautskráðust af félagsvísindabraut, 12 af íþróttabraut, sjö af kjörsviðsbraut og fjórir af náttúruvísindabraut. Dúx var Guðmundur Gígjar Sigurbjörnsson með 9,36 í meðaleinkunn. Semidúx var Guðný Alma Haraldsdóttir með 9,14 í meðaleinkunn og hún kláraði skólann á tveimur árum. Skólaþegn skólaársins var Erla Rós Ólafsdóttir stúdent á íþróttabraut. Birna Björnsdóttir kennari og Sigríður Sveinbjörnsdóttir starfsmaður í eldhúsi fengu gullmerki skólans fyrir 20 ára starf við skólann og Connie Maria Cuesta-Schmiedl kennari og Þórunn Sigtryggisdóttir fjármálastjóri fengu silfurmerki skólans fyrir tíu ára starf við hann.

4. Umsóknir

Skólanum bárust 30 umsóknir í fyrsta val beint úr 10. bekk og 45 í annað val sem er heldur minna en í fyrra en alveg ásættanlegt. Af núverandi nemendum sóttu 66 um skólavist og var 65 boðin skólavist. Þá sóttu um 14 nemendur sem hafa verið í öðrum skólum eða tekið námshlé.

5. Inntaka

Teknir voru inn 28 umsækjendur beint úr 10. bekk, þar af níu á almenna braut, átta á félagsvísindabraut, þrjár á íþróttabraut, sex á kjörsviðsbraut og tveir á náttúruvísindabraut. Af nemendum sem voru í öðrum skólum eða tóku námshlé voru níu teknir inn og einn nemandi sem er nánast búinn með stúdentspróf er enn til skoðunar. Af þeim 65 núverandi nemendum sem boðin var skólavist voru 64 teknir inn (einn afþakkaði skólavist).

Samtals voru 100 nemendur teknir inn í staðnám. Þar af 9 á almenna braut, 33 á félagsvísindabraut, 20 á íþróttabraut, 24 á kjörsviðsbraut og 14 á náttúruvísindabraut. Enn á eftir að taka inn nemendur utan skóla sem og nemendur við grunnskóla sem munu taka áfanga við skólann. Samsetning staðnema er þannig að 91 verða á heimavist, sex utan vista og þrjár í framhaldsskóladeildinni á Vopnafirði.

6. Breytingar á kennslufyrirkomulagi

Í haust er stefnt að breyta kennslufyrirkomulagi skólans. Í stað tveggja fagtíma á viku sem fylgja svo hóp- og námstímar verða einungis hóptímar með úttektum. Stundataflan verður því

breytileg frá viku til viku miðað við þarfir, nemenda, áfanga og kennara. Einnig verður farið meira í rafrænar innlagnir en áður og TEAMS forritið notað til að halda utan um áfangana.

7. Skóladagatal

Sigurbjörn fór yfir skóladagatal FL skólaárið 2022-2023. Skólasetning verður sunnudaginn 28. ágúst. Jólafri hefst 16. desember og skóli hefst aftur 9. janúar. Þá er gert ráð fyrir Tónkvísl 18. febrúar. Páskaleyfi verður frá 31. maí til og með 16. apríl og brautskráning verður á uppstigningardag 18. maí 2023. Að venju verða haustfrí og vorfrí og stefnt er að námsferð starfsmanna til Finnlands í haustfríinu.

8. Fjármál

Ársreikningur FL árið 2021 var sendur skólanum í maí 2022 og var lagður fram til kynningar. Skólinn var rekinn með 8,7 m.kr. afgangi. Helgast það fyrst og fremst af auknum nemendafjölda við skólann en auknum nemendafjölda fylgja auknar fjárheimildir og stærri hópum fylgir aukin hagræðing. Uppsöfnuð fjárheimild skólans er 13,3 m. kr. og verður óskað eftir því við ráðuneytið að fá að flytja hana yfir á árið 2022.

Ársreikningar Mörtuneytis FL og Framkvæmdasjóðs 2021 liggja ekki fyrir.

9. Jafnlaunavottun

Skólinn fór í gegnum jafnlaunavottun þriðja sinni í apríl 2022 og fékk hana. Óútskýrður kynbundinn launamunur var 0,6% körlum í hag (var 0,57% konum í hag árið 2020 og 0,27% körlum í hag árið 2021).

10. Starfsmannamál

Sverrir Haraldsson brautarstjóri Almennrar brautar, sem hefur kennt við skólann síðan 1986, varð sjötugur í mars síðastliðnum og verður því lögum samkvæmt að láta af störfum. Hanna Sigrún Helgadóttir raungreinakennari og Guðmundur Smári Gunnarsson raungreina- og stærðfræðikennari sem voru í launalausum leyfum hafa sagt stöðum sínum lausum. Voru þau kvödd við brautskráningu skólans. Svanhildur Kristjánsdóttir starfsmaður í eldhúsi hefur einnig sagt stöðu sinni lausri. Þá renna út í sumar tímabundnir ráðningarsamningar Gunnhildar Hinriksdóttur, Sigurlaugar L. Svavarsdóttur og Starkaðs Snæs Hlynssonar sem öll voru í afleysingakennslu í vetur. Skólanefnd þakkar öllu þessu fólki vel unnin störf í þágu skólans og ekki síst Sverri sem vann ævistarf sitt við skólann. Þessu til viðbótar óskaði Arnór Benónýsson félagsgreinakennari eftir launalausum leyfi til eins árs og hefur það verið veitt.

Til þessa að mæta þessu voru í mars auglýstar stöður brautarstjóra Almennrar brautar og raun/stærðfræðikennara. Sex umsóknir voru um stöðu brautarstjóra og allir umsækjendur mjög hæfir. Úr varð að ráða Jóhönnu Eydísi Þórarinsdóttur í stöðuna en hún óskaði eftir að gegna henni í hlutastarfi. Með henni var þá ráðin Járnbrá Björg Jónsdóttir sem mun einnig sinna almennri kennslu. Þá var Margrét Guðmundsdóttir, einn umsækjendanna, ráðin til að leysa Arnór Benónýsson af næsta vetur.

Um stöðu raun/stærðfræðikennara bárust fjórar umsóknir, þar af ein sem uppfyllti ekki skilyrði um leyfisbréf sem kennari. Á grundvelli auglýsingarinnar var ráðið í tvær stöður og urðu þær Jóna Björk Jónsdóttir og Guðný Halldórsdóttir fyrir valinu.

Elín Hólmfríður Gunnlaugsdóttir var svo ráðin í stöðu starfsmanns í eldhúsi. Skólanefnd býður alla nýja starfsmenn velkomna til starfa og óskar þeim velfarnaðar í starfi.

11. Sumarstarfsmenn

Skólinn hefur ráðið í 1,2 stöðugildi í sumar til þess að sinna slætti og annarri umhirðu lóðar.

12. Hótel

Sumarhóтелиð fer vel af stað en nýir aðilar sem keyptu Hótel Laugar ehf reka það í sumar.

13. Sumarskóli doktorsnema í jarðvísindum

11.-16. júní var haldinn sumarskóli í jarðvísindum í Laugaskóla. Verkefnið sem um ræðir heitir IMPROVE og er samstarf 12 háskóla og stofnanna í Evrópu, fjármagnað með Marie

Curie styrk í gegnum rannsóknáætlanir EU. Magnús Tumi Guðmundsson frá HÍ fór fyrir sumarskólanum en leiðtogi Improve verkefnisins er Paolo Papale frá Eldfjallastofnun Ítalíu. Um 40 manns, vísindamenn, doktorsnemar og aðrir tóku þátt í þessu verkefni hér á Laugum og voru mjög ánægð með aðstöðuna og dvöl sína hér. Í lok dvalar færðu þeir skólanum bókina *Náttúruvá á Íslandi* að gjöf.

14. Framkvæmdir

Í páskafríinu var forstofan í Þróttó flísalögð en að öðru leiti hefur mest verið um viðhaldsvinnu að ræða. Á næsta ári stendur til að laga umhverfi tjarnarinnar.

15. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi slitið 18:57